

Hættuleg efni: Verið vakandi, metið hættuna og verjið ykkur



Bílamálun og réttingarverkstæði



Risk Assessment in the use
of dangerous substances
European Campaign

SLIC
Senior Labour
Inspectors
Committee



Financed by the European Union

Inngangur

Starfsmenn sem starfa við bifreiðaviðgerðir eru útsettir fyrir fjölmörgum hættulegum efnum (til dæmis málningu, lími, leysiefnum, vélarolíu, útblæstri frá vélum og eimum frá málmsuðu). Það er því mikilvægt að hætturnar sem stafa af öllum þessum efnum séu metnar og komið verði í veg fyrir þær eða þeim stjórnað til að unnt sé að komast hjá heilsufarsáhættu.

Hvað ættu vinnuveitendur að gera til að meta áhættu starfseminnar og taka ákvarðanir um nauðsynlegar fyrirbyggjandi aðgerðir?

- 1^{lagi}** Finna hætturnar og meta hversu mikil áhætta er af starfseminni sem fer fram á vinnustaðnum;
- 2^{lagi}** Velja þær fyrirbyggjandi aðgerðir og áhættustýringu sem þeir vilja nota;
- 3^{lagi}** Endurmeta þessar aðferðir reglulega til að ganga úr skugga um að þær virki eins og til er ætlast og til að athuga hvort að nýjar hættur hafi komið fram

Hvaða forvarnir?

Forvarnirnar geta snúið að vinnuumhverfi, vinnuskipulagi eða notkun persónuhlífa eða einhverri blöndu af þessu þrennu.

Hvernig eru forvörnum í vinnuumhverfi komið við?

- Til dæmis með því að koma fyrir útbúnaði sem er sérstaklega hannaður fyrir vinnuvélar eða vinnusvæði (Sjá Dæmi, 2 og 3).



ATHUGIÐ

Þegar hanna á vinnusvæði eða kaupa á tæki fyrir atvinnustarfsemi, ætti að tryggja að öryggisþættir séu samþættir frá byrjun.

Hvernig er hægt að skipuleggja vinnu þannig að komið sé í veg fyrir hættu eða hún minnkuð?

- Með því að minnka þann tíma sem hver starfsmaður er útsettur fyrir hættunni, fækka starfsmönnum sem vinna við/ eða nálægt hættuvöldum og geyma og umgangast efni á réttan hátt.

Hvers konar persónuhlífar ætti að nota?

- Það ætti að hafa það í huga að persónuhlífar eru alltaf lokaúrræði, og þær ætti helst eingöngu að nota sem auka eða viðbótavörn.
- Til eru margar mismunandi gerðir af persónuhlífum eins og t.d. grímur, hanskar, öryggisgleraugu, svuntur og öryggisskór. Skoðið öryggisblöðin sem fylgja með efnunum til að ákvarða hvaða persónuhlífar eru viðeigandi.

Eru einhver blöð sem veita upplýsingar um efnin sem verið er að nota?

- Já. Það er hægt að finna ítarlegar upplýsingar á öryggisblöðunum sem eiga að fylgja efnunum. Einnig eru nytsamlegar upplýsingar um notkun efnanna á umbúðum þeirra. **Lesið þær vandlega!**

HÆTTULEG EFNI SEM ERU ALGENG Á BIFREIÐAVERKSTÆÐUM

Dæmi 1 – Bílamálun


Mörg verkstæði nota málningu sem inniheldur sýanat herði sem finnst í ýmsum gerðum af málning með vatnsgrunni og nánast öllu lakki.

Viðvarandi ísósýanatmengun getur valdið alvarlegum og ólæknandi astma.

Helsta uppspretta isocyanate mengunar er úðalökkun en einnig er hægt að verða fyrir mengun þegar úðasprautan er þrífín.


Til að forðast hættuna á að fá astma ættir þú að:

- Nota sprautuklefa
- Nota aðflutt ferskloft



Sprautuklefar eiga að vera loftræstir og í þeim á á að vera undirþrýstingur til að koma í veg fyrir að gufur úr klefanum sleppi út í vinnurýmið í kring.


Starfsmenn eiga að vera í samfestingum, með hanska og öndunargrímu með aðfluttu súrefni þegar verið er að uða efnum sem innihalda ísósýanat.




Allir starfsmenn ættu að kunna að festa á sig grímur á réttan hátt og ganga úr skugga um að þær séu í lagi.

Dæmi 2 – Snerting við útblástur

Útblástur frá vélum getur valdið ertingu bæði augu og öndunarfærum. Útblástur sem nniheldur kolmónoxíð getur einnig verið hættulegar heilsu og honum er andað að sér. Vinna í lengri tíma í útblæstri frá díselvélum sérstaklega bláum eða svörtum reyk getur leitt til hósta og andnaðar. Ef starfsmenn eruþrekað útsettr fyrir slíkum gufum getur það aukið líkurnar á lungnakrabbameini síðar.



Óásættanlegt? Það eru ekkert staðbundið afsog fyrir útblástur. Venjuleg loftræsting er ófullnægjandi til að vernda gegn mengun.




Ásættanlegt? Það er staðbundið útsog á vélarútblæstri og vinnusvæðið er loftræst.

Hvaða fyrirbyggjandi aðferðum er mælt með?


Haldið vinnustaðnum vel loftræstum. Komið fyrir kerfi sem fjarlægir staðbundið allann útblástur, Sérstaklega þegar unnið er í gryfjum.

Dæmi 3 – Snerting við málmsuðu gufur

Gufur frá málmsuðu, skurði og annarri vinnu sem hiti stafar af getur valdið þurrki í hálsi, hósta, brjóstverkjum og öndunarerfiðleikum. Til lengri tíma litið geta orðið breytingar í lungum vegna langvarandi suðuvinnu með hættulegar gufur og lofttegundir.



Óásættanlegt? Gufur eru ekki fjarlægðar. Starfsmaður vinnur í rangri hæð og stellingu.



Ásættanlegt? Það er staðbundið frásog af gufum og starfsmaðurinn vinnur í réttri hæð.

Hvaða fornvörnum er mælt með?

Það ætti að vera staðbundið afsog eða færanlegur sogbúnaður með sögi sem skilar loftinu út.


Dæmi 4 – Snerting við notaðar olíur

Tíð og langvarandi snerting við notaða vélarolíu getur valdið útbrotum og öðrum húðvandamálum, þar með talið húðkrabbameini.


Hvaða fornvörnum er mælt með?

Þú ættir að forðast alla óparfa snertingu við notaða vélarolíu. Þú ættir líka að vera í hlífðarfatnaði, sem á að hreinsa og skipta um reglulega, auk þess er mikilvægt að starfsmenn gæti að persónulegu hreinlæti sínu.

Vinnusvæði og áhöld á að þrifa reglulega, að minnsta kosti í lok hvers vinnudags.



Óásættanlegt? Hendurnar eru í beinni snertingu við olíuna, sem þýðir að upptaka gegnum húð er möguleiki. Olíusmit gæti borist til meltingarvegjar ef drykkjarföng smitast eða ef starfsmaðurinn setur hendur upp í sig.



Ásættanlegt? Starfsmaðurinn er með hanska til að forðast snertingu við olíuna.

ÁHRIF LEYSIFNA

Leysar eru mikið notaðir í bílaviðgerðum, mest til að þrifa ýmsa hluti. Sumir leysar eru með vatns grunni en margir aðrir innihalda hættulega vökva. Tíð eða langvarandi snerting við leysa getur orðið til þess að verndandi fitulag húðarinnar leysist upp og útbrot myndast. Sumir leysar geta verið hættulegir við innöndun.

Komist að því hvaða leysa er verið að nota á vinnustaðnum. Lesið öryggisblöðin og kynnið ykkur merkimiðana á pakkingunum.

ALMENNAR FYRIRBYGGJANDI REGLUR


Til að vernda þig gegn hættulegum leysum, er best að:

- Skipta hættulegum vörum út fyrir minna hættuleg hættuleg eða hættulaus þegar það er mögulegt
- Vinna í vel loftræstu rými með lofthreinsibúnaði
- Nota staðbundið afsog þegar það er mögulegt
- Nota grímur þegar þess er þörf
- Nota rétta gerð af hönskum til að koma í veg fyrir útbrot

Dæmi 5 - Skipulag á efnum í geymslum



Ósættanlegt? Ílátunum er raðað upp af handahófi án nokkurs skipulags. Þau eru ómerkt og í lélegu ástandi.



Ásættanlegt? Ílátin eru merkt og þeim raðað upp í lokaðan og loftræstan skáp sem hefur affalls hölf í botni.



Hvaða forvörnum er mælt með?

- Skipuleggja geymslusvæðið
- Geymið einungis efni sem má geyma saman í geymslunni
- Hafið umbúðirnar lokaðar og fjarri sólarljósi og mögulegum íkveikjuvöldum í þurru, vel loftræstu rými við stofuhita
- Tryggið að gólf í geymslum sem geyma eldfima vökva séu vatnspétt og útbúin lekaþró svo að vökvar leki ekki út úr geymslunni ef óhapp verður
- Tryggið að öll ílát séu rétt merkt
- Tryggið að allir starfsmenn hafi aðgang að öryggisblöðum

MÓTTAKA Á EFNAVÖRUM

Að taka á móti efnavöru er fyrsta stigið í réttri meðhöndlun.

Þegar þú tekur á móti vöru ættir þú að:

- Bera kennsl á vöruna skrá hana og fylgjast með afhendingu.
- Skoða ástand umbúðanna (eru þær heilar og allir miðar á réttum stað)
- Skoða upplýsingarnar á merkimiðunum
- Skoða öryggisblöðin sem fylgja með vörunni

Öll ílát undir hættulegan efni og efnablöndur verður að merkja á réttan hátt.

Miðar verða að vera læsilegir og innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn vörunnar
- Nafn eða merki framleiðanda
- Nafn dreifingar eða innflutningsaðila
- Hættusetningar
- Varúðarsetningar
- Varúðarmerki

Hvernig lestu úr miðanum?

AÐ ÞEKKJA HÆTTURNAR (í samræmi við viðauka II í EC Reglugerð 67/548)



CVJ :

Vitðik d>vet 'xk 'xctpc cto gtnk'igo 'xcte 'xk 'gstrk',
gðam. 'gðpwo 'J á vwo'gi wo 'J gðuv'qi 'g'vcpf k o " 'Hpc"o gtnk
igo 'xcte 'xk 'xk 'm c ddc o gðuv'c'f cpf k w'vndi g'vcpf k
eða hættulegt axlunarferum. Með þessum merkjum fylgja
viðeigandi hættuseiningar.

**LÝSING Á
HÆTTU**
(Hættusetningar)
(Í samræmi við
Viðauka III of EC
Reglugerð 67/548)

**FYRIRBYGGJANDI
ADGERDIR**
(Varnaðarsetningar)
(Í samræmi við
Viðauka IV of EC
Reglugerð 67/548)

AUDKENNI VÖRU
(Efni eða efnablanda)

SAMSETNING
(Listi af hættulegum
efnum í
blöndunni,
út frá styrk þeirra og
eituráhrifum)

Eitrað

H 11-23/25:
Eitrað við innöndun og inntöku
Mjög eldfimt

V7-16-24-45:
Umbúðir skulu vera vel luktar
Haldið frá hitagjöfum- Reykingar bannaðar
Varist snertingu við húð
Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef veikinda
verður vart (sýnið umbúðamerkingar ef mögulegt er)

**Afar
eldfimt**

ABCDE-33
Inniheldur...

XXX Plc
ABY St.
Tel: ...

**NAFN ADILA SEM ER
ÁBYRGUR
FYRIR SÖLU**
(Nafn, heimilisfang og
símanúmer)

Hvaða merki á að nota á miðana?

Í Evrópu eru hættur skilgreindar út frá viðauka II á EC Reglugerð 67/548.




Varnaðarmerkin hafa eftirfarandi merkingu:

- | | |
|--|--------------------------|
| 1. Mjög eldfimt (F) og afar eldfimt (F+) | 5. Hættulegt heilsu (Xn) |
| 2. Eitrað (T) og mjög eitrað (T+) | 6. Ertandi (Xi) |
| 3. Ætandi (C) | 7. Sprengifimt (E) |
| 4. Eldnærandi (O) | 8. Hættulegt umhverfinu |

Í byrjun árs 2011 verður tekið upp nýtt alþjóðlegt flokkunarkerfi sem verður í notkun samhliða gamla kerfinu sem nota má til ársins 2014. Nýja flokkunarkerfið er ef til vill þegar komið í notkun sumstaðar.

Líkamleg áhætta

- 1 – Sprengifimt / Sjálfhvarfandi / Lífræn peroxíð
- 2 – Eldfim efni / Sjálfhvarfandi / Sjálfkveikjandi / Sjálfhitandi / Gefur frá sér eldfimar lofttegundir / Lífræn peroxíð
- 3 – Eldnærandi
- 4 – Lofttegundir undir þrýstingi
- 5 – Ætandi



Heilsufars áhætta

- 1 – Sterkt eitur
- 2 – Ertandi / Ertandi á húð/ Bráð eitrun / Vímuáhrif / Ertandi í öndunarvegi
- 3 – Krabbameinsvaldandi / Ertandi í öndunarvegi / Hættulegt æxlunarkerfum / Eitrað fyrir ákveðin líffæri / Stökkbreytandi / Eitrað fyrir öndunarveg
- 4 – Ætandi



Hættulegt umhverfinu

- 1 – Hættulegt fyrir umhverfið



Eingöngu dæmi. Fyrir frekari upplýsingar skoðið frekari upplýsingar um miðana.



Hvað eru öryggisblöð?

Öryggisblöðin gera þér kleift að sjá hvort að það eru hættuleg efni í vörum sem verið er að nota og hjálpar þér að meta hvort starfsmönnum gæti mögulega stafað hættu af því að nota þessi efni.

Þegar hættuleg efni eru afhent, eða jafnvel áður en þau eru afhent, eiga allir framleiðendur, innflytjendur og/eða dreifingaraðilar að senda notendum öryggisblöð sem innihalda upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að vernda bæði heilsu manna og umhverfið. Upplýsingarnar á öryggisblaðinu eiga að vera skrifaðar á opinberu tungumáli landsins sem vinnustaðurinn er staðsettur í (íslensku). **Ef þetta er ekki tilfellið ættir þú að krefjast þess af þeim framleiðanda eða dreifingaraðila sem þjónustar þig.**

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við Vinnueftirlitið eða Umhverfisstofnun: